

Skrifstofa FÍN er að  
Borgartúni 6, 3. hæð  
105 Reykjavík

Opið alla virka daga frá  
kl. 09:00-12:00 og 13:00-16:00

Sími: 595-5175  
Netfang: [fin@bhm.is](mailto:fin@bhm.is)  
Veffang: [www.fin.is](http://www.fin.is)

**Starfsmenn á skrifstofu:**  
Maríanna H. Helgadóttir,  
formaður

Sigrún Ösp Sigurjónsdóttir,  
framkvæmdastjóri

Útgefandi: FÍN

Ábyrgðamaður:  
Sigrún Ösp Sigurjónsdóttir

Upplag: 2100 stk.

## Aðalfundarboð FÍN 2018

Boðað er til aðalfundar félagsins þann 22. mars 2018, kl: 15:00, í  
Hvammi á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38.

Boðið er upp á kaffi við komuna á aðalfundinn.

### Dagskrá:

1. Formaður flytur skýrslu stjórnar.
2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins og sjóða þess með áritun stjórnar félagsins.
3. Tillögur um lagabreytingar.
4. Ákvörðun um félagsgjöld.
5. Stjórnarkjör.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga.
7. Kosning í stjórn kjaradeilusjóðs.
8. Kosning siðanefndar.
9. Önnur mál.

Boðið er upp á léttar veitingar að aðalfundinum loknum.

## Skráning og gögn á aðalfund

Þar sem veitingar eru í boði biðjum við ykkur vinsamlegast um að  
skrá ykkur til þátttöku á aðalfundinn [hér](#) eða með því að hafa  
samband við félagið um netfangið [fin@bhm.is](mailto:fin@bhm.is).

Öll gögn aðalfundar er aðgengileg á [heimasíðu FÍN](#). Þar á meðal  
[ársreikningur FÍN](#) og [ársreikningur Kjaradeilusjóðs FÍN](#).

# Gögn fyrir aðalfund 2018

## Tillögur um lagabreytingar

### 2. gr. Hlutverk

#### Var:

Félagið er stéttarfélag. Hlutverk þess er:

- a) Að stuðla að samvinnu, samheldni og góðri fagþekkingu félagsmanna
- b) Að vinna að bættum kjörum félagsmanna og gæta hagsmuna þeirra í kjarasamningsbundnum réttindamálum, meðal annars með aðild að Bandalagi háskólamanna - BHM. Félagið gerir kjarasamninga fyrir félagsmenn sína, hvort heldur er á almennum markaði eða hjá hinu opinbera.

#### Verður:

Félagið er stéttarfélag. Hlutverk þess er:

- a) Að vinna að bættum kjörum félagsmanna og gæta hagsmuna þeirra í kjarasamningsbundnum réttindamálum, meðal annars með aðild að Bandalagi háskólamanna - BHM. Félagið gerir kjarasamninga fyrir félagsmenn sína, hvort heldur er á almennum markaði eða hjá hinu opinbera.
- b) Að stuðla að samvinnu, samheldni og góðri fagþekkingu félagsmanna.

### 5. gr. Aðalfundur

#### Var:

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda eigi síðar en í mars ár hvert og skal hann boðaður öllum félagsmönnum bréflaga/tölvupósti með a.m.k. viku fyrirvara. Þeir sem gefa kost á sér til þeirra starfa sem kosið er í á aðalfundi skulu tilkynna stjórn FÍN skriflega um framboð sitt fyrir 1. febrúar. Allar kosningar í embætti á vegum félagsins, sem fram fara á aðalfundi, skulu vera skriflegar og leynilegar, ef ekki er sjálfkjörið.

Dagskrá skal tilgreind í fundarboði. Aðalfundur er lögmætur sé löglega til hans boðað.

Sérstök verkefni aðalfundar eru:

1. Formaður flytur skýrslu stjórnar um félagsstarfið á liðnu starfsári.
2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins og sjóða þess með áritun skoðunar manna reikninga.
3. Tillögur um lagabreytingar.
4. Ákvörðun um félagsgjöld.
5. Stjórnarkjör.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga.
7. Kosning í stjórn kjaradeilusjóðs.
8. Kosning siðanefndar.
9. Önnur mál.

Aðra félagsfundi skal halda þegar stjórn félagsins sér ástæðu til og skulu þeir boðaðir með tryggilegum hætti.

Þá er stjórn félagsins skylt að boða til félagsfundar ef a.m.k. 30 fullgildir félagsmenn krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Skal boðað til hans með sama hætti og gildir um aðalfundi.

# Gögn fyrir aðalfund 2018

## Tillögur um lagabreytingar

### 5. gr. Aðalfundur

#### Verður:

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda eigi síðar en í mars ár hvert og skal hann boðaður öllum félagsmönnum bréflaga/tölvupósti með a.m.k. viku fyrirvara. Þeir sem gefa kost á sér til þeirra starfa sem kosið er í á aðalfundi skulu tilkynna stjórn FÍN skriflega um framboð sitt fyrir 1. febrúar. Allar kosningar í embætti á vegum félagsins, sem fram fara á aðalfundi, skulu vera skriflegar og leynilegar, ef ekki er sjálfkjörið.

Dagskrá skal tilgreind í fundarboði. Aðalfundur er lögmætur sé löglega til hans boðað.

Sérstök verkefni aðalfundar eru:

1. Formaður flytur skýrslu stjórnar um félagsstarfið á liðnu starfsári.
2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins og sjóða þess.
3. Tillögur um lagabreytingar.
4. Ákvörðun um félagsgjöld.
5. Stjórnarkjör.
6. Kosning í stjórn kjaradeilusjóðs.
7. Kosning siðanefndar.
8. Önnur mál.

Aðra félagsfundi skal halda þegar stjórn félagsins sér ástæðu til og skulu þeir boðaðir með tryggilegum hætti.

Þá er stjórn félagsins skylt að boða til félagsfundar ef a.m.k. 30 fullgildir félagsmenn krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Skal boðað til hans með sama hætti og gildir um aðalfundi.

## Ákvörðun félagsgjalds

#### Var:

Félagsgjald FÍN skal vera 0,7% af heildarlaunum, þó aldrei hærri en 7000 kr. á mánuði.

#### Verður:

Félagsgjald FÍN skal vera 0,7% af heildarlaunum.

# Gögn fyrir aðalfund 2018

## Tillögur um lagabreytingar

### 6. gr. Stjórn og framkvæmdastjórn

#### Var:

Stjórn félagsins skal skipuð 20 mönnum. Þeir eru formaður, varaformaður og 17 meðstjórnendur, sem kosnir skulu á aðalfundi til tveggja ára í senn. Þá velja trúnaðarmenn einn fulltrúa úr sínum hópi í stjórn til tveggja ára. Á hverju ári skal kjósa hluta stjórnar þannig, að annað árið er kosinn formaður félagsins og níu meðstjórnendur, en varaformaður og átta meðstjórnendur hitt árið. Á sama hátt skal á aðalfundi kjósa tvo skoðunarmenn reikninga, ásamt varamönnum, þannig að árlega sé kosinn einn aðalmaður og einn varamaður. Heimilt er að endurkjósa stjórnarmenn og skoðunarmenn reikninga. Engan má þó kjósa sem formann félagsins oftari en fimm sinnum. Hætti stjórnarmaður á fyrra ári kjörtímabils eða sé hann kosinn til annarra stjórnarstarfa á aðalfundi áður en kjörtímabil hans rennur út, skal annar kjörinn í hans stað til eins árs. Séu framboð færri en embætti skal stjórn félagsins tilnefna fulltrúa.

Stjórn félagsins kys ritara, gjaldkera og meðstjórnanda í framkvæmdastjórn úr hópi stjórnarmanna. Framkvæmdastjórn starfar í umboði stjórnar félagsins og sér um útfærslu á samþykktum hennar. Í framkvæmdastjórn sitja formaður félagsins, varaformaður, ritari, gjaldkeri og einn meðstjórnandi. Framkvæmdastjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur þess og ákvarðar launakjör framkvæmdastjóra og formanns.

#### Verður:

*Stjórn félagsins skal skipuð 20 mönnum. Þeir eru formaður, varaformaður og 17 meðstjórnendur, sem kosnir skulu á aðalfundi til tveggja ára í senn. Þá velja trúnaðarmenn einn fulltrúa úr sínum hópi í stjórn til tveggja ára. Á hverju ári skal kjósa hluta stjórnar þannig, að annað árið er kosinn formaður félagsins og níu meðstjórnendur, en varaformaður og átta meðstjórnendur hitt árið. Heimilt er að endurkjósa stjórnarmenn. Engan má þó kjósa sem formann félagsins oftari en fimm sinnum. Hætti stjórnarmaður á fyrra ári kjörtímabils eða sé hann kosinn til annarra stjórnarstarfa á aðalfundi áður en kjörtímabil hans rennur út, skal annar kjörinn í hans stað til eins árs. Séu framboð færri en embætti skal stjórn félagsins tilnefna fulltrúa.*

*Stjórn félagsins kys ritara, gjaldkera og meðstjórnanda í framkvæmdastjórn úr hópi stjórnarmanna. Framkvæmdastjórn starfar í umboði stjórnar félagsins og sér um útfærslu á samþykktum hennar. Í framkvæmdastjórn sitja formaður félagsins, varaformaður, ritari, gjaldkeri og einn meðstjórnandi. Framkvæmdastjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur þess og ákvarðar launakjör framkvæmdastjóra og formanns.*

# Gögn fyrir aðalfund 2018

## Tillögur um lagabreytingar

### 8. gr. Reikningsár

#### Var:

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

#### Verður:

*Reikningsár félagsins er almanaksárið. Framkvæmdastjórn gengur frá samningi við löggilda endurskoðendur sem yfirfara reikninga félagsins.*

### 12. gr. Bandalag háskólamanna

#### Var:

Stjórn félagsins skipar fulltrúa á aðalfund Bandalags háskólamanna – BHM. Formaður, og varaformaður í forföllum hans, sitja í formannaráði BHM í samræmi við gildandi lög þess.

#### Verður:

*Stjórn félagsins skipar fulltrúa á aðalfund Bandalags háskólamanna – BHM. Formaður situr að jafnaði í formannaráði BHM í samræmi við gildandi lög þess. Stjórn skipar varamann formanns í formannaráði.*

### 13. gr. Kröfugerð

#### Var:

Meginkröfugerð vegna kjarasamninga skal rædd á vinnustaðafundum og álits fundarmanna leitað.

#### Verður:

*Meginkröfugerð vegna kjarasamninga skal rædd á vinnustaðafundum.*

### 14. gr. Kjarasamningar

#### Var:

Kjarasamninga fyrir hönd félagsins skal undirrita með fyrirvara um samþykki viðkomandi félagsmanna á fundi eða í allsherjaratkvæðagreiðslu.

#### Verður:

*Kjarasamninga skal undirrita með fyrirvara um samþykki viðkomandi félagsmanna í allsherjaratkvæðagreiðslu. Stjórn félagsins ákveður hvort leita eigi samþykkis viðkomandi félagsmanna með atkvæðagreiðslu þegar um réttindasamninga og tengisamninga er að ræða.*

### 18. gr. Gildistími

#### Var:

Lög þessi öðlast gildi 30. mars 2017. Jafnframt falla eldri lög félagsins úr gildi.

#### Verður:

*Lög þessi öðlast gildi 22. mars 2018. Jafnframt falla eldri lög félagsins úr gildi.*

# Gögn fyrir aðalfund 2018

## Tillögur að breytingum á reglum Kjaradeilusjóðs FÍN

### 3. gr.

#### Var:

Aðild að sjóðnum eiga þeir félagsmenn FÍN sem félagið semur fyrir. Skulu þeir greiða gjald til sjóðsins sem ákveðið skal á aðalfundi.

#### Verður:

Aðild að sjóðnum eiga þeir félagsmenn FÍN sem félagið semur fyrir. Árlegt framlag til sjóðsins skal ákveðið af stjórn FÍN.

### 4. gr.

#### Var:

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum. Formaður og gjaldkeri FÍN eiga fast sæti í sjóðsstjórn en aðrir stjórnarmenn skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn úr hópi þeirra félagsmanna sem FÍN semur fyrir. Skal einn stjórnarmaður kosinn það ár sem félagsformaður er kosinn, en formaður stjórnar kjaradeilusjóðs og stjórnarmaður hitt árið. Hætti stjórnarmaður á fyrra ári kjörtímabils skal annar kosinn í hans stað á næsta aðalfundi og þá til eins árs. Varaformaður og ritari FÍN eru varamenn í sjóðsstjórn. Þeir sem gefa kost á sér í stjórn Kjaradeilusjóðs á aðalfundi félagsins, skulu tilkynna stjórn FÍN skriflega umframboð sitt fyrir 1. febrúar.

#### Verður:

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum. Formaður og gjaldkeri FÍN eiga fast sæti í sjóðsstjórn en aðrir stjórnarmenn skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára, tveir annað árið og einn hitt árið. Hætti stjórnarmaður á fyrra ári kjörtímabils skal annar kosinn í hans stað á næsta aðalfundi og þá til eins árs. Varaformaður og ritari FÍN eru varamenn í sjóðsstjórn. Stjórn kjaradeilusjóðs velur formann Kjaradeilusjóðs úr hópi kosinna stjórnarmanna. Þeir sem gefa kost á sér í stjórn Kjaradeilusjóðs á aðalfundi félagsins, skulu tilkynna stjórn FÍN skriflega um framboð sitt fyrir 1. febrúar.

### 6. gr.

#### Var:

Kjörnir endurskoðendur FÍN skulu jafnframt vera endurskoðendur sjóðsins.

#### Verður:

Stjórn Kjaradeilusjóðs skal gera samning við löggilda endurskoðendur sem skulu yfirfara reikninga sjóðsins.

# Gögn fyrir aðalfund 2018

## **Tillögur að breytingum á reglum Kjaradeilusjóðs FÍN**

### **7. gr.**

#### **Var:**

Fundargerðir sjóðsstjórnar skal skrá í sérstaka fundargerðabók. Auk þess skal stjórnin halda sérstaka gjörðabók, þar sem skrá skal allar styrkveitingar til félaga og ennfremur óreglubundin framlög til sjóðsins, ef einhver eru.

#### **Verður:**

*Sjóðsstjórn skal halda fundargerðir sem skulu undirritaðar. Í fundargerðum skulu koma fram allar ákvarðanir stjórnar kjaradeilusjóðs, þar með taldar allar styrkveitingar til félaga og ennfremur óreglubundin framlög til sjóðsins, ef einhver eru.*

### **8. gr.**

#### **Var:**

Rétt til styrks úr sjóðnum á sérhver aðili að honum, sem ekki getur stundað vinnu sína vegna kjaradeilu FÍN, enda sé hann skuldlaus við félagið þegar styrkveiting fer fram og hafi greitt framlag sitt til sjóðsins. Ekki skal þó greiða styrk úr sjóðnum vegna fyrstu viku vinnustöðvunar. Þegar vinnudeila er fyrirsjáanleg skal stjórn sjóðsins gera áætlun um greiðslur úr sjóðnum og útbúa almennar reglur um úthlutun styrkja til félagsmanna. Að jafnaði skulu úthlutunarreglur ræddar á félagsfundi og leitað samþykkis hans.

#### **Verður:**

*Rétt til styrks úr sjóðnum á sérhver aðili að honum, sem ekki getur stundað vinnu sína vegna kjaradeilu FÍN. Þegar vinnudeila er fyrirsjáanleg skal stjórn sjóðsins gera áætlun um greiðslur úr sjóðnum og útbúa almennar reglur um úthlutun styrkja til félagsmanna. Að jafnaði skulu úthlutunarreglur ræddar á félagsfundi og leitað samþykkis hans.*

# Gögn fyrir aðalfund 2018

## **Framboð til stjórnar FJN 2018-2020**

### **Í kjöri til 2 ára:**

#### **Formaður FJN:**

Marianna H. Helgadóttir, Félag íslenskra náttúrufræðinga

#### **Meðstjórn:**

Svava S. Steinarsdóttir, Reykjavíkurborg

Guðrún Nína Petersen, Veðurstofa Íslands

Lilja Grétarsdóttir, Reykjavíkurborg

Sverrir Daníel Halldórsson, Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Hafdís Sturlaugsdóttir, Náttúrustofa Vestfjarða

Haraldur Rafn Ingvason, Náttúrufræðistofa Kópavogs

Rakel Júlía Sigursteinsdóttir, Actavis ptc group

Katrín Guðjónsdóttir, Matvælastofnun

Torfi Geir Hilmarsson, Alvotech hf.

### **Sitja frá fyrra ári:**

#### **Varaformaður FJN:**

Porkell Heiðarsson, Reykjavíkurborg

#### **Fulltrúi trúnaðarmanna:**

Björg Helgadóttir, Reykjavíkurborg

#### **Meðstjórn:**

Ína Björg Hjálmarsdóttir, Landspítali - Blóðbanka

Sigurlaug Skírnisdóttir, Matís

Sævar Ingbórsson, Háskóli Íslands

Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Bergljót Sigríður Einarsdóttir, Framkvæmdasýslu ríkisins

Kári Gunnarsson, Sjálfstætt starfandi

Ásdís Benediktsdóttir, Íslenskar orkurannsóknir

Sigurlaug María Hreinsdóttir, Nýsköpunarmiðstöð Íslands



# Gögn fyrir aðalfund 2018

## **Stjórn Kjaradeilusjóðs**

### **Í kjöri til 2 ára:**

Ólafur Eggertsson, Skógræktin

### **Sitja frá fyrra ári:**

Kristjana Bjarnadóttir, Landspítali - Blóðbanki

Bergljót Sigríður Einarsdóttir, Framkvæmdasýsla ríkisins

Jafnframt sitja í stjórn Kjaradeilusjóðs, eftirtaldir aðalmenn: formaður FÍN og gjaldkeri FÍN og varamenn: varaformaður FÍN og ritari FÍN.

## ***Síðanefnd***

### **Í kjöri til 2 ára:**

Aðalmenn:

Hafdís Eygló Jónsdóttir, Vegagerðin

Jónas Jónasson, Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Emelía Eiríksdóttir, Actavis ptc group

Varamaður: Ægir Þór Þórsson, Rannsóknarmiðstöð Íslands

### **Sitja frá fyrra ári:**

Aðalmenn:

Marta Guðjónsdóttir, Reykjalundi

Freygerður Jóhanna Steinsdóttir, Landspítali - Blóðbanki

Varamaður: Jóna Freysdóttir, Landspítali